

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökun 65 mm og stærri	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	30
Tollnúmer:					
0701.9000	Kartöflur, aðrar	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-01.09.02	ótilgr.	0	0
0703.9001	Blaðlaukur	02.09.-08.09.02	ótilgr.	0	114
0703.9001	Blaðlaukur	09.09.-15.09.02	ótilgr.	0	159
0703.9001	Blaðlaukur	16.09.-30.09.02	ótilgr.	0	227
0704.1000	Blómkál	01.07.-07.07.02	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	08.07.-14.07.02	ótilgr.	0	88
0704.1000	Blómkál	15.07.-21.07.02	ótilgr.	0	132
0704.1000	Blómkál	22.07.-30.09.02	ótilgr.	0	176
0704.9001	Hvítkál	01.07.-21.07.02	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	22.07.-28.07.02	ótilgr.	0	40
0704.9001	Hvítkál	29.07.-30.09.02	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.07.-14.07.02	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	15.07.-21.07.02	ótilgr.	0	141
0704.9004	Spergilkál	22.07.-28.07.02	ótilgr.	0	197
0704.9004	Spergilkál	29.07.-30.09.02	ótilgr.	0	282
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-28.07.02	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	29.07.-04.08.02	ótilgr.	0	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	05.08.-30.09.02	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-28.07.02	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	29.07.-04.08.02	ótilgr.	0	83
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	05.08.-11.08.02	ótilgr.	0	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	12.08.-30.09.02	ótilgr.	0	193
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2002.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.